



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

HP Elitebook fartölvur Menntaskólans við Sund

Leiðbeiningar til starfsfólks



Efnisyfirlit

Almennt.....	1
Fartölvur og fylgihlutir	1
Rafræni HP penninn	3
Stillingar á tölvu	3
Notkun í kennslustofum.....	3
Tímastilling á læsingu.....	4
Uppfærsla tölvunnar	4
Stilling á íslenska dagsetningu og tíma	4
Teams forritð.....	5
Að stilla skjáina saman (tölvuskjá, skjávarpa, sjónvarp)	9
Leið A: Intel Graphics Command Center.....	9
A1: Það sama á öllum skjám	10
A2: Það sama á tveimur en annað á einum skjá	11
A3: Að draga til skjái.....	11
A4: Að kveikja og slökkva á tengingu við skjá	12
Að lokum	14

Almennt

Handbók þessi er miðuð við Windows 10. Í Windows 11 er uppsetning og útlit aðeins öðruvísi hvað Windows varðar en allt annað virkar eins og í Windows 10.

Þessi tölva, HP Elitebook x360 830, er með snertiskjá og hægt er að breyta henni í spjaldtölvu. Með henni fylgir rafrænn penni sem geymist með segli á hlið tölvunnar.

Fartölvur og fylgihlutir

Það eru þrjár týpur af vélunum í umferð sem líta aðeins ólíkt út en eru jafngóðar:



G6 (hátalari fyrir ofan lyklaborð)



G7 og G8 (hátalari til hliðar við lyklaborðið)

Fylgihlutir:



1 – 2 bæklingar um fartölvuna og 1 um rafræna pennann

Ef þeir hafa týnst er eintak af þeim á námsneti og á Teams

2 – Rafræni penninn

3 – Hleðslunúra fyrir pennann (USB yfir í USB-C)



4 – Rafmagnssnúra fyrir hleðslutækið fyrir fartölvuna

5 – Hleðslutækið fyrir fartölvuna

Rafræni HP penninn



Penninn er þegar tengdur við tölvuna. Til að hlaða hann, þá lyftir maður gúmmiloki sem er nálægt öðrum endanum og stingur USB-C endanum (litli endinn) í pennann en USB tengið fer í tölvuna.

EN 1 Charge the pen.




2 Turn on your computer.



3 Turn on the pen by tapping the tip to any surface.



4 Press and hold the  button for 5 seconds to enable Bluetooth pairing. When the pen is ready to be paired with a device, the Bluetooth light  slowly flashes blue. For instructions on creating a Bluetooth connection, see your device documentation.



 Bluetooth status light	
Slowly flashing blue	The pen is in pairing mode.
Rapidly flashing blue	The pen has paired successfully.
Blinking red	The battery charge level is low.
Solid white	The pen is charging.

Depending on your tablet, the functions of button  and  vary. To view or edit the configuration of these buttons, use the pen app on your tablet.

Þegar ýtt er á takkann á enda pennans býðst manni að fara í pennastillingar í tölvunni. Mælt er með að gera það. Þar er hægt að stilla virkni takkana.

Þessi stilling getur verið aðeins mismunandi.

Neðst í þessum stillingum er líka hægt að setja upp Whiteboard, sem er teikniforrit frá Microsoft.

Stillingar á tölvu

Eftirfarandi vafrar hafa verið settir upp í tölvunum: Edge, Firefox og Chrome. Fólk notar bara þann vafra sem það er vant að nota til að fara á netið en þó mælum við með Microsoft Edge sem reynis best í dag af þessum vöfrum.

Office 365 er uppsett í vélinni. Við fyrstu notkun þarf að skrá sig inn með skólanetfanginu sínu. Þannig virkjar maður leyfi sitt hjá Microsoft.

Setja þarf upp Desktop útgáfuna af Teams. Sjá kaflann um Teams.

Notkun í kennslustofum

Á kennaraborðinu er dokka (lítill, svartur afgangur kassi) með snúru með USB-C tengi. Þessu tengi er stungið í vélina og þá næst samband við eftirfarandi:

- Rafmagn (hleður tölvuna)
- LAN snúru (snúrunet)
- Skjávarpa
- Mús
- Lyklaborð
- Aukaskjá (þetta verður ótengt til að byrja með á meðan að við erum að átta okkur betur á stillingunum)

Ekki er DVD spilarí í stofunum né tölvunum en settur hefur verið utanálíggjandi DVD spilarí í hvert vinnuherbergi.

Tímastilling á læsingu

Hægt er að tímastilla hvenær tölvun og skjárin læsa sér. Þetta er gert með því að smella á start takkann (gluggamerkið) á skjánum (neðst í vinstra horni) eða með því að ýta á gluggahnappinn á lyklaborðinu. Svo er tannhjólíð valið (Settings), og síðan „System“ og svo „Power and Sleep“.

Ef maður vill læsa vélinni strax er einfaldast að halda inni Windows takkanum og ýta á L.

Uppfærsla tölvunnar

Bráðnaudsýnlegt er að uppfæra tölvuna reglulega, að lágmarki í lok hverrar annar. Gott er að uppfæra oft, til dæmis hálfsmánaðarlega. Ferlið er eftirfarandi:

Settings

„Update & Security“

„Check for updates“

Svo skal fylgja þeim leiðbeiningum sem koma.

Athugið að þegar vélin er síðan endurræst þá klárast hluti uppsetningar á uppfærslum. Þessi endurræsing tekur því lengri tíma en vanalega.

Stilling á íslenska dagsetningu og tíma

Til að hafa íslenskt tímatal, og íslenskar stillingar í Excel þarf að gera eftirfarandi:


Settings

„Time and Language“

„Region“

„Additional date, time & regional settings“ (hægra megin á síðunni)

Nú opnast nýr gluggi þar sem valið er „Region: Change date, time or number formats“



í Format skal velja Icelandic og ýta á OK

Þetta atriði er sérstaklega mikilvægt ef maður vill skoða einkunnir úr öðrum kerfum, til dæmis námsnetinu, í excel.

Teams forritð

Muna þarf eftir að setja upp Desktop útgáfuna af Teams. Bodið er upp á þetta þegar fyrst er farið í Teams í gegnum heimasíðu skólans.

Ef þetta bregst er hægt að velja stafina sína, eða myndina af sér, og velja þar að setja upp Desktop útgáfuna.

Þegar forritinu hefur verið hlaðið niður þá þarf að setja það upp. Eftir það notar maður þessa útgáfu (Desktop útgáfuna) af Teams en fer ekki í gegnum heimasíðu skólans.


Sjálfgefin stilling er að Teams ræsir sig sjálf þegar kveikt er á tölvunni.

Eins lokar forritið sér ekki þegar ýtt er að X eftst í hægra horni, eins og með önnur forrit, heldur er áfram kveikt á forritinu. Það er bara í felum.

Hægt er að breyta þessu.


Áður en þeirri stillingu er breytt er gott að festa táknmyndina á stikunni neðst á skjánum (Taskbar). Hægrismellt skal þá á táknið og *Pin to taskbar* valið.


Til að breyta í að það ræsi sig bara þegar smellt er á táknið þarf að gera eftirfarandi eftir að forritið er komið í gang:



Smella á táknið notandans efst í hægra horninu.

Velja *Settings*






Velja *General*

Taka út hakið við: *Auto-start application*.

Þá hættir Teams að ræsa sig sjálfkrafa þegar kveikt er á vélinni.

Takið líka út hakið við: *On close, keep the application running*.

Þá slekkur Teams á sér þegar ýtt er að X efst í hægra horni.



Þá lítur þetta svona út, eins og hér að ofan.

Lokið Settings

Með þessari aðgerð á forritið að hegða sér eins og forritin í Office pakkanum hvað varðar ræsingu.

Að stilla skjáina saman (tölvuskjá, skjávarpa, sjónvarp)

Hægt er stilla þetta í Windows merkið - Settings – Display – Multiple Displays en svo er hægt að nota forrit sem fylgja í tölvunni frá framleiðandanum.


Hér koma leiðbeiningar um þau:

Leið A: Intel Graphics Command Center


Þetta forrit er í öllum fartölvunum og er gott og þægilegt forrit að vinna með.

Smelltu á Windows merkið neðst í vinstra horni. Þá kemur upp listi af forritum.


Skrunaðu þar til þú sérð Intel Graphics Command Center Smelltu á það.



Þá kemur upp þessi mynd þar sem valið er Display




Þá kemur upp mynd af þeim skjá sem mögulegir eru. Svona eru þeir í því sem kallast Extend og þá er hægt að draga af stýriskjánum (þessum með stjörnuna) yfir á hina.



A1: Það sama á öllum skjám

Til að hafa það sama á öllum skjánum er smelt á punktana þrjá í einum gluggnana og valið Mirror All



Svo er valið Apply.

A2: Það sama á tveimur en annað á einum skjá


Ef maður vill hafa það sama á einungis tveimur skjám þá smellir maður á punktanum í öðrum þeirra skjáa sem á að tengja og velur Mirror og númerið á hinum skjánum.

Dæmi:

Ég ætla að tengja saman skjá 2 og 3.

Þá smellii ég á punktana í skjá 2 og vel Mirror 3.


Þá lítur þetta út svona



Og svo er valið Apply.


A3: Að draga til skjái

Stundum getur verið gott að breyta því hvert maður dregur efnið af stýriskjánum. Á eftirfarandi mynd þyrfti ég til dæmis að draga skjal af skjá 1, yfir skjá 2, til að koma honum á skjá 3. Ekki gott.



Til að breyta þessu þá einfaldlega dregur maður skjáinn til á á sýnismyndinni.


Á eftirfarandi mynd hef ég til dæmis breytt þessu þannig að ég dragi mynd upp til að fara á skjá 3 og til hægri til að fara á skjá 2. Gott er að láta uppsetninguna í stofunni ráða hvar hver skjar er þar sem það er umhverfið sem maður er að horfa á.




A4: Að kveikja og slökva á tengingu við skjá

Stundum gerist það að ekkert birtist á einhverjum skjánum. Það sem getur þá hafa gerst er að tengingin við þann skjá hafi rofnað.


Á eftirfarandi mynd má sjá dæmi um þetta þar sem skjá 2 er ekki tengdur. Takið eftir merkinu efst í vinstra horninu.



Til að laga þetta þá smellir maður á punktana þrjá í viðkomandi skjá og velur Enable.



Og þá lítur þetta svona út og allt virkar.



Að lokum

Teamviewer er settur upp í vélinni svo tölvuumsjón geti notað það til aðstoðar úr fjarlægð. Þá getur tölvuumsjón tekið vélina yfir ef beiðni kemur um aðstoð.

Skoða þarf notkunarsamning varðandi aukahugbúnað sem skal setja upp í vélinni. Einungis er ætlast til hugbúnaðar sem nota á við kennslu.

Aldrei má fjarlægja þann grunnhugbúnað sem fylgir uppsettur í vélinni nema með leyfi tölvuumsjónar.

Hver kennari er kerfisstjóri á sinni tölvu og því á ekki að þurfa tölvuumsjón til að leyfa uppfærslur og uppsetningar á hugbúnaði í tölvunum.

Ef tengja þarf fartölvu við LAN snúru, utan kennslustofu, þá þarf sérstakt breytistykki (USB netkort).

Ekki hika við að hafa samband ef þið hafið spurningar varðandi tölvurnar, annað hvort með því að senda tölvupóst á tolvuumsjon@msund.is eða kíkja í Bagend, skrifstofu Viskusteins.